



Tilmæli Tilmæli 7/2022
Tillaga A 1859/tillväxt
Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Þingmannatillaga um hrossarækt og hestamennsku á Norðurlöndum

Norðurlandaráð taki til greina svar við tilmælum 7/2022 um aukinn viðbúnað á Norðurlöndum og telji afgreiðslu þeirra lokið af hálfu ráðsins.

Bakgrunnur

Tilmæli eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún kanni leiðir til að skoða þýðingu hrossaræktar og hestamennsku á Norðurlöndum auk þess að koma í veg fyrir stjórnsýsluhindranir

Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Norræna embættismannanefndin um fiskveiðar, fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (EK-FJLS landbúnaður og skógrækt) tók tilmælin til meðferðar á fundi sínum dagana 26.-27. apríl 2022. Öll höfðu löndin lýst yfir áhuga á málinu sem hefur gildi bæði á landsvísu og á Norðurlöndum í heild.

Á fundinum fól EK-FJLS (landbúnaður og skógrækt), Norrænu stofnuninni fyrir landbúnaðarrannsóknir (NKJ) og Norrænu erfðaauðlindastofnunin (NordGen) að vinna frumathugun og ráðstafaði til þess 400.000 da.kr.

Reiknað er með að frumathugun ljúki í lok árs 2022 og er henni ætlað að leggja grunn að frekari umræðum á málefnasviðinu um áframhaldandi vinnu í tengslum við hrossarækt á Norðurlöndum.

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin óskar eftir því að fá niðurstöður frumathugunar til kynningar um leið og þær liggja fyrir og gefst við það tækifæri möguleiki á að koma með innspil í frekari vinnu.



Norræna ráðherranefndin telur hér með að orðið hafi verið við tilmælunum.

Sjónarmið nefndarinnar

Í svari Norrænu ráðherranefndarinnar kemur fram að embættismannanefndin um fiskveiðar, fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt hafi tekið tilmæli Norðurlandaráðs til meðferðar á fundi sínum 26.-27. apríl 2022. Embættismannanefndin leit tilmælin jákvæðum augum þar sem hún hefur gildi bæði í hverju landi fyrir sig og á Norðurlöndum öllum og var ákveðið að ráðstafa 400.000 da.kr. til frumathugunar sem unnin verður á árinu 2022. Niðurstöður frumathugunar verðar kynntar um leið og þær liggja fyrir og verður í kjölfarið mögulegt að koma með innspil í frekari vinnu.

Nefndin telur að svar Norrænu ráðherranefndarinnar við tilmælunum uppfylli óskir nefndarinnar.

Nefndin leggur til að Norðurlandaráð telji afgreiðslu málsins lokið af hálfu ráðsins.

Helsingfors, 1. nóvember 2022

Anders Eriksson (ÅF)

Anna Vikström (S)

Ann-Sofie Alm (M)

Freddy André Øvstegård (SV)

Karianne B. Bråthen (A)

Kjell-Arne Ottosson (KD)

Johan Kvarnström (sd)

Juho Eerola (saf)

Lars Püss (M)

Lars Andersson (SD)

Liv Kari Eskeland (H)

Orri Páll Jóhannsson (VG)

Stein Erik Lauvås (A)

Tor André Johnsen (FrP)